

Flugur

Fáein orð um framgómun

Yfirleitt er talið að hljóðasambandið uppgómmælt lokhljóð ([k^h] eða [g]) + *i* ([i]) komi ekki fyrir í íslensku, því að lokhljóðin framgómist alltaf í því umhverfi. Þegar ég var við framburðarathuganir í Skagafirði sumarið 1980, komst ég þó að því að þetta er ekki rétt; frá því segir í þessari flugu.

Sumt eldra fólk í Skagafirði, einkum austan vatna, hefur enn framburðinn [haþði], [sağði], í stað [havði], [saγði], sem flestir hafa nú. Þetta vissi ég fyrir; en hinu hafði ég aldrei tekið eftir, að a. m. k. í framburði sumra fellur [ð] oft brott í slíkum samböndum. Í orðum eins og *sagði* standa þá /g/ og /i/ saman, og mætti þá búast við að /g/ framgómaðist. Það gerist hins vegar ekki; framburðurinn er [sağ':i], og myndar því lágmarkspar við *saggi* [saǰ':i].

Í fljótu bragði mætti ætla að þarna væru komin rök fyrir því að engin virk framgómunarregla sé til í íslensku, en um það hefur mikið verið ritað (sjá Anderson 1974, 1981; Orešnik 1977; Kristján Árnason 1978; Wurzel 1980). En hægt er að bjarga framgómunarreglunni með því að hafa raðaðar reglur:

(1) grunnform:	#sag + ði#	#sagg + i#
framgómun:	—	#saǰ': + i#
brottfall:	#sag: + i#	—
yfirborðsmynd:	[sağ':i]	[saǰ':i]

Hér er gert ráð fyrir að framgómun verki á undan brottfallinu, og fái ekki annað tækifæri; m. ö. o., að hún getur ekki framgómað lokhljóðið eftir að [ð] fellur brott.

En reyndar er lýsingin hér að framan á því sem gerist þegar [ð] fellur brott ekki alveg nákvæm. Þótt lokhljóðið í *sagði* framgómist vissulega ekki, þá er það ekki heldur myndað eins ofarlega og t. d. lokhljóðið í *sagga* (þf.); e. t. v. mætti hljóðrita það [sağ':i]. Það verður því ekki betur

séð en tvær framgómunarreglur séu að verki í íslensku; en vegna þess að þær verka að jafnaði í sama umhverfi verðum við yfirleitt ekki vör við áhrif nema annarrar þeirra (þeirrar sem sýnd er í (1)), því að hún yfirgnæfir hina. Það er ekki nema undir sérstökum kringumstæðum eins og þeim sem lýst var hér að framan sem hin kemur fram. Eðlilegt er að telja þá fyrirnefndu (þá sem framgómar meira) HLJÓÐKERFISREGLU, en hina HLJÓÐFRÆÐILEGA REGLU í skilningi Andersons (1975; sjá líka Eiríkur Rögnvaldsson 1981:27).

En um leið og við gerum þennan mun á tvenns konar framgómun verður ekki betur séð en við losnum við ýmis vandamál í sambandi við hina „hefðbundnu“ (hljóðkerfislegu) framgómunarreglu. Þau felast einkum í því, að hún virðist að sumu leyti vera „hljóðfræðilega eðlileg“, því að einhver framgómun uppgómmæltra lokhljóða á undan frammæltum sérhljóðum er ákaflega algeng í málum heimsins; en talsvert vantar þó á fullkominn „eðlileik“, því að reglan verkar ekki á undan frammæltu hljóðunum [y] og [ö], en verkar hins vegar á undan [ai], sem ekki er frammælt (sjá t. d. Kristján Árnason 1978). En hljóðkerfisreglur ÞURFA EKKI endilega að vera hljóðfræðilega eðlilegar (sjá Anderson 1981:511–512).

Hér höfum við athyglisvert dæmi um hvernig hljóðfræðilega eðlilegt ferli hættir að vera hljóðfræðilega eðlilegt vegna hljóðbreytinga (í þessu tilviki breytinga á sérhljóðakerfinu), en þau víxl sem þetta ferli olli haldast áfram sem HLJÓÐKERFISLEG víxl. Í þessu tilviki kom líka til samfall við sambönd /k + j/ og /g + j/, sem hefur valdið því að framgómunin í íslensku varð meiri en ella, og meiri en í skyldum málum (sjá Anderson 1974:9). En hin upphaflega hljóðfræðilega ástæða þessara víxla er enn fyrir hendi í málinu, og heldur áfram að framgóma lokhljóð, þótt í minna mæli sé, eins og sýnt var hér að framan.

HEIMILDASKRÁ

- Anderson, Stephen R. 1974. *The Organization of Phonology*. Academic Press, New York.
- . 1975. On the Interaction of Phonological Rules of Various Types. *Journal of Linguistics* 11:39–62.
- . 1981. Why Phonology Isn't „Natural“. *Linguistic Inquiry* 12:493–539.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. U-hljóðvarp og önnur a~ö víxl í nútímaíslensku. *Íslenskt mál* 3:25–58.

- Kristján Árnason. 1978. Palatalization in Modern Icelandic. A Case for Historicism in Synchronic Linguistics. *Lingua* 46:185-203.
- Orešnik, Janez. 1977. On the Modern Icelandic Palatalization Rule. C.-C. Elert, S. Eliasson, S. Fries & S. Ureland (ritstj.): *Dialectology and Sociolinguistics. Essays in Honor of Karl-Hampus Dahlstedt*, bls. 137-145. Acta Universitatis Umensis 12. Umeå.
- Wurzel, Wolfgang Ullrich. 1980. Once More: Palatalization in Modern Icelandic. E. Hovdhaugen (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [4], bls. 382-392. Universitetsforlaget, Oslo.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands,
Reykjavík